

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar nr. 1068/2014.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta og tvo varaforseta og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og bæjarstjórnar, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa í embættin til eins árs í senn.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 18. júní 2015.

F. h. r.

Elín Pálsdóttir.

Stefanía Traustadóttir.